



Atvinnumöguleikar fatlaðs fólks á Akureyri

Svanhvít Elva Einarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Atvinnumöguleikar fatlaðs fólks á Akureyri

Svanhvít Elva Einarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði
Leiðsögukenari: Lilja Össurardóttir

Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Atvinnumöguleikar fatlaðs fólks á Akureyri.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við þroskaþjálfadeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Svanhvít Elva Einarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bókasala kennaranema

Reykjavík, Ísland 2012.

Útdráttur

Þessi rannsóknarritgerð fjallar um atvinnumöguleika fatlaðs fólks á Akureyri. Hún byggist á eigindlegri rannsókn sem unnin var janúar til mars árið 2012. Í ritgerðinni er talað við þær þrjár þjónustustofnanir sem bjóða fötluðu fólki upp á hæfingu, verndaða vinnu eða atvinnu með stuðningi á Akureyri. Markmið ritgerðarinnar var að fá betri innsýn á hvernig þjónusta er í boði á hverjum stað fyrir sig það er að segja Skógarlund/Birkilund Hæfingarstöð, Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur og atvinna með stuðningi. Tekin voru opin viðtöl við starfsfólk þessara þriggja þjónustueininga og kannað hverjir atvinnumöguleikar fatlaðs fólks eru eins og sjá má á rannsóknarspurningunni: Hverjir eru atvinnumöguleikar fatlaðs fólks á Akureyri? Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að það er auðvelt fyrir fatlað fólk á Akureyri að fá vinnu við sitt hæfi, hvort sem það er líkamlega eða andlega fatlað.

Formáli

Ritgerð mín er lokaverkefni til B.A.-gráðu í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún var unnin á vorönn 2012 undir leiðsögn Lilju Össurardóttur þroskaþjálfara, færi ég henni mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn, mikla hvatningu og hafa trú á mér í þessu verkefni.

Sérstakar þakkir færi ég fjölskyldu minni fyrir ómetanlegan stuðning á meðan námi mínu stóð og þar vill ég helst nefna systur mína hana Fríðu Björk sem sá til þess að ég borðaði eitthvað í öllum skólalotunum mínum sem ég sótti suður.

Önnu frænku þakka ég svo fyrir allar gistingarnar sem ég þurfti að gista í skólalotum mínum í höfuðborginni.

Möggu vinkonu minni langar mig svo að þakka kærlega fyrir allan yfirlestur og stuðning meðan ég var að skrifa BA verkefnið mitt.

Hanna Fríður Stefánsdóttir fær bestu þakkir fyrir prófarkalestur verkefnis míns og að lokum langar mig að þakka yfirmanni mínum henni Margréti Ríkarðsdóttur forstöðuþroskaþjálfara Skógarlunda/Birkilunda hæfingarstöðvar fyrir að hafa gert mér það kleift að fara í þetta nám.

Það eru margir aðrir sem eiga heiður skilið að vera nefndir hér og er það ómetanlegt að hafa svona gott fólk á bak við sig, takk en og aftur.

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1.Ólík sjónarhorn á fötlun	9
Læknisfræðilegt sjónarhorn.....	9
Breska félagslega líkanið.....	10
Norræna tengslasjónarhornið.....	11
Lög um málefni fatlaðra nr.59/1992.....	12
Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr.376/1996.....	13
Samantekt.....	15
2. Kynning á þjónustustofnunum	16
Saga Skógarlundar/Birkilundar hæfingarstöð.....	16
Saga Plastiðjunar Bjargs-Iðjulundar.....	18
Atvinna með stuðningi.....	20
Vinnusamningar öryrkja.....	22
Samantekt.....	22
3.Rannsóknaraðferðir	23
Val á viðfangsefni.....	23
Rannsóknaraðferð.....	23
Þátttakendur.....	24
Gagnasöfnun.....	24
Skráning og greining gagna.....	24
Samantekt.....	25
4. Niðurstöður rannsókna um atvinnumöguleika	26
Samantekt.....	30
5. Umræður	31
6. Lokaorð	33
7. Heimildaskrá	34

Inngangur

Mörg okkar höfum við upplifað það hvað það hefur mikla þýðingu fyrir okkur að hafa atvinnu. En það að hafa atvinnu er ekki sjálfsagður hlutur hvort sem við erum fötluð eða ófötluð. Það að hafa atvinnu skapar okkur ákveðna félagslega stöðu og við notum hana oft til þess að skilgreina hver við erum í samfélaginu (Hagner og DiLeo, 1993; Dóra Bjarnason, 1995).

Vinumarkaðurinn, eins og við þekkjum hann í dag hefur ekki alltaf verið svona því að áður fyrr var meira um það að fólk byggi saman á sveitabæjum og allir unnu saman við búskapinn. Fatlað fólk tók þátt í því að reka fjölskyldufyrirtæki hjá fjölskyldum sem áttu og ráku fyrirtæki. Fatlað fólk bjó hjá fjölskyldum sínum fram undir miðja síðustu öld en þá voru settar á fót stofnanir sem það var oft vistað á. Á stofnunum var stunduð vinna eins og vefnaður, fatasaumur, unnið við að hirða skepnur og garðyrkju. Oftast var þessi vinna án launa. Síðar komu til sögunnar vinnustaðir fyrir fatlað fólk sem núna kallast verndaðir vinnustaðir. Hugmyndin spratt út frá þörf sem skapaðist þegar samfélagið breyttist úr bændasamfélagi í iðnaðarsamfélag, um verndaða vinnustaði fyrir fatlað fólk. Þessir vernduðu vinnustaðir tóku gjarnan að sér mörg verkefni fyrir fyrirtæki á almennum vinnumarkaði (Hagner og DiLeo, 1993).

Atvinna með stuðningi kom ekki fram á sjónarsviðið fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum. Þá fóru menn að uppgötva að fatlað fólk gæti vel unnið á almennum vinnumarkaði fengið það til þess nægan stuðning (McLoughlin, Garner og Callahan, 1987).

Markmið þessarar rannsóknarritgerðar var að kanna atvinnumöguleika fatlaðs fólks á Akureyri. Setti ég þess vegna fram þessa rannsóknarspurningu: Hverjir eru atvinnumöguleikar fatlaðs fólks á Akureyri? Leitaði ég svara hjá þeim þjónustustofnunum sem eru á Akureyri og bjóða fötluðu fólki upp á hæfingu, starf á vernduðum vinnustað og atvinnu með stuðningi á almennum vinnumarkaði. Þessar þjónustustofnanir eru Skógarlundur/Birkilundur hæfingarstöð sem er við Skógarlund. Plastiðjan Bjarg- Iðjulundur er staðsett í Furuvöllum 1 og að lokum er það atvinna með stuðningi eða AMS sem er í Glerárgötu 26.

Verkefnið skiptist í fimm kafla. Fyrst verður farið í hvað eru ólík sjónarhorn á fötlun en það eru margar gagnrýnisraddir um það hvaða skilgreining sé best og

skilgreini ég, það sem ég tel henta þessu verkefni. Síðar í fyrsta kafla verður fjallað um lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996. Í öðrum kafla verður fjallað um þær þjónustustofnanir sem nefndar eru hér að ofan og einnig farið í vinnusamninga öryrkja. Þriðji kafli fjallar um rannsóknaraðferðir, val á viðfangsefni, framkvæmd rannsóknar, gagnasöfnun og greiningu gagna. Í fjórða kafla verður svo skýrt frá niðurstöðum rannsóknar um atvinnumöguleika fatlaðs fólks á Akureyri. Í fimmta kafla eru umræður um efni ritgerðarinnar.

1. Ólík sjónarhorn á fötlun

Hvað er fötlun? Hver er það sem ákveður hvort við erum fötluð eða ekki? Þessum spurningum er ekki hægt að svara á sem einfaldastan hátt. Í náminu okkar er ekki lagt svo mikið upp úr því að vita hvers konar fötlun einstaklingur er með heldur að við getum aðstoðað eftir okkar bestu vitund. Sjónarhornin á fötlun eru ólík og hafa ólíkar áherslur. Félagslegu sjónarhornin eru mörg en mun ég helst styðjast við tvö sjónarhorn; breska félagslega líkanið og norræna tengslasjónarhornið. Einnig verður fjallað um læknisfræðilega líkanið sem hefur verið hvað lengst við lýði. Það verður farið yfir helstu lög og reglugerðir sem lúta að atvinnumálum fatlaðs fólks, það er að segja Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996.

Læknisfræðileg sjónarhorn

Læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun lítur á fötlun sem andstæðu þess sem þykir eðlilegt og heilbriggt. Þetta sjónarhorn grundvallast af læknisfræði og heilsufélagsfræði. Læknisfræðilegt sjónarhorn var mest við líði alla tuttugustu öldina og var það yfirgnæfandi í vestrænum heimi. Félagsfræðingurinn Taclott Parsons skrifaði um sjúkdóma og sjúkdómstengda hegðun um 1950 en það má rekja læknisfræðilega sjónarhornið á fötlun til þessara skrifa. Talið er að skrif Parsons hafi haft víðtæk áhrif á félagsfræðinga og þá sérstaklega heilsufélagsfræðinga. Parson sagði að góð heilsa væri eðlileg og þar af leiðandi að skerðingar og sjúkdómar væru frávik frá því sem eðlilegt þykir. Læknisfræðilegt sjónarhorn lítur á þann fatlaða sem ólánsamt fórnarlamb fötlunar sinnar og um leið og einstaklingur hlýtur greiningu er litið svo á að sá hinn sami þurfi þjálfun og umönnun það sem eftir er og þar af leiðandi háður öðrum. Horft er á fötlun eða skerðingu einstaklingsins sem ástæðu allra þeirra erfiðleika en ekkert hugsað í aðstæður eða umhverfið (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Mesta gagnrýnin á læknisfræðilegu sýnina á fötlun er sú að aðeins er horft á skerðingu einstaklingsins og reynt að laga hana eða útiloka frá samfélaginu því þeir eru ekki eins og hinir “heilbrigðu“. Það er ekki litið á samfélagið og að gera eigi það aðgegnilegt fyrir alla. Harmurinn og ábyrgðin liggur hjá einstaklingnum með skerðingu. Gagnrýni á læknisfræðilega líkanið er einnig að innan læknisfræðinnar er lögð áhersla á erfðarvísindi sem nýja leið til að útrýma

erfðagöllum og sigrast á sjúkdómum með því að eyða fósturum sem greinast með frávik. Þessi leið hefur valdið miklum deilum og umræðum, sérstaklega vegna siðferðislegra þátta og ábyrgð vísindanna (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Breska félagslega líkanið

Baráttusamtök fólks með líkamlega fötlun í Bretlandi, Union of The Physically Impaired Against Segregation (UPIAS), gáfu út róttæka yfirlýsingu árið 1976. Í þessari yfirlýsingu kom fram að fólk sé gert fatlað af samfélaginu og beitt kúgun og undirokun því samfélagið gerir ekki ráð fyrir þeim sem eru öðruvísi en aðrir. Breska félagslega líkanið er byggt á þessari yfirlýsingu og hefur vakið mikla athygli en breskir fatlaðir fræðimenn settu það fram (Campbell og Oliver, 1996; Oliver, 1992).

Yfirlýsing UPIAS samtakanna beindi kastljósinu að áhrifum félagslegra þátta og annarra þátta í samfélaginu og það hreyfði við fötluðu fólk. Í yfirlýsingunni er jafnframt gerður greinarmunur á líffræðilegum þáttum það er skerðingu og félagslegum þáttum þá fötlun sem felst í félagslegum hindrunum eins og takmarkanir í þátttöku daglegs lífs (Barnes og Mercer, 2003).

Breska fræðikonan Carol Thomas bendir á að félagslega líkanið hafni þeirri hugmynd að skerðing fólks orsaki fötlun. Þar er því líka hafnað að skerðing sé það sama og fötlun. Líkanið leggur áherslu á að fötlunin orsakast ekki af erfiðleikum einstaklinga með líkamlegar, andlegar eða skynrænar skerðingar við að framkvæma ýmsar athafnir. Það er litið svo á að afleiðingin sé af fyrirkomulagi sem felur í sér félagslegar hindranir og takmarkar möguleika fólks með mismunandi skerðingar og félagslegar hindranir verði að fötlun (Campbell og Oliver, 1996; Oliver, 1990; Rannveig Traustadóttir, 2006; Thomas, 1999).

Nýi skilningurinn á fötlun sem birtist í breska félagslega líkaninu hefur haft mikil áhrif á skoðanir fólks, ekki aðeins innan fræðanna. Þessi skilningur hefur haft áhrif á hreyfingar fatlaðs fólks, bæði í Bretlandi og öðrum löndum. Grunnhugmyndir félagslega líkansins hafa verið mjög frelsandi fyrir fatlað fólk. Þar er því litið á að erfiðleikar þess og vandamál séu afleiðingar félagslegra hindrana. Það má segja að í fyrsta sinn hafi fatlað fólk skynjað að erfiðleikar þess eigi að miklu leyti félagslegar rætur. Undir þessu sjónarhorni koma einnig í ljós hindranir á fötlunina í til dæmis samgöngum, menntun, velferðarþjónustu og svo má lengi telja (Morris, 1991, Rannveig Traustadóttir, 2006).

Gagnrýni á breska félagslega líkanið er mikil, en það er enn í þróun og árekstrar eru ennþá um áherslur og skilning líkansins (Thomas, 1999, 2002). Það hefur þó fengið hörðustu gagnrýnina fyrir það að sniðganga hagsmuni fólks með ákveðnar skerðingar svo sem fólk með þroskahömlun, geðræna erfiðleika og heyrnarlausu. Gagnrýnendur vilja meina að fólk í þessum hópi séu ekki gerð nægileg skil og að reynsla fólks falli ekki að líkaninu (Chappell, 1998; Goodley, Armstrong, Sutherland, Laurie, 2003; McCliments, 2003; Thomas, 1999). Gagnrýnisráddir hafa líka komið fram á höfunda líkansins fyrir að leggja ofuráherslu á hindranir, að þeir líti framhjá skerðingunni, hafni mikilvægi hennar í daglegu lífi fatlaðs fólks (Goodley, Armstrong, Sutherland, Laurie, 2003; Morris, 1991; Thomas, 1999).

Norræna tengslasjónarhornið

Snemma á sjöunda áratugnum komu fram hugtök á Norðurlöndum sem eru sambærileg íslenska hugtakinu *fötlun*. Fyrir þann tíma var ekki algengt að nota eitt hugtak yfir allt fatlað fólk, heldur var vísað til skerðingar eins og til dæmis að vera blindur. Var þeim einnig ætlað að koma í stað hugtaka sem öðlast höfðu neikvæða merkingu (Rannveig Traustadóttir, 2006). Markmið þessara nýju hugtaka var að breyta hinum læknisfræðilega skilningi á skerðingum fólks, yfir í félagslegan skilning (Rannveig Traustadóttir, 2003). Á sama tíma og þessi nýju hugtök komu til sögunnar, var lögð áhersla á það í opinberum norskum gögnum að fatlaðir ættu ekki eingöngu að aðlaga sig samfélaginu, heldur ætti samfélagið líka að aðlaga sig að þeim. Norski fræðimaðurinn Jan Tøssebro kennir þessa nálgun við tengsl og nefnir hana tengslalíkanið um fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Norræna tengslanálgunin samanstendur af þremur meginþáttum að mati Tøssebros:

Í fyrsta lagi er fötlun misræmi milli einstaklings og umhverfis. Hér skapast fötlun einstaklingsins af því að hann og umhverfið falla ekki hvort að öðru (Rannveig Traustadóttir, 2006). Sem dæmi um þetta má nefna tröppur, þröskulda og þess háttar (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Í öðru lagi er fötlun aðstæðubundin. Skerðing leiðir ekki alltaf til fötlunar, það ræðst af aðstæðum hverju sinni (Rannveig Traustadóttir, 2006). Sem dæmi um þetta má nefna að sá sem er blindur, er ekki fatlaður þegar hann talar í síma, því hann þarf ekki að nota sjónina þegar hann talar í síma.

Í þriðja lagi er fötlun afstæð. Tøssebro bendir á að mörkin sem ákvarða fötlun séu félagslega ákvarðaðar og oft tilviljanakenndar. Þessu til stuðnings bendir hann á skilgreiningar á þroskahömlun í Evrópu á 20.öld, þar sem stuðst er við greindarvísitölustig frá IQ = 50 og upp í IQ = 80, og því er misjafnt eftir löndum hver er skilgreindur þroskahamlaður og hver ekki. Þetta sýnir okkur hversu tilviljanakennt það er hver er talinn fatlaður og hver ekki (Rannveig Traustadóttir, 2006). Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins skilgreinir þroskahömlun svona: væg þroskahömlun, greindarvísitala 50-69 stig; miðlungs alvarleg þroskahömlun, greindarvísitala 35-49 stig; alvarleg þroskahömlun, greindarvísitala undir 20 stig (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992

Hér mun verða farið yfir hvað Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, hvað þau segja um atvinnumál fatlaðs fólks, einnig mun verða farið yfir Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996, sem tengjast þeim þremur þjónustustofnunum sem skoðaðar voru.

Í fyrstu grein laga um málefni fatlaðra (nr. 59/1992) kemur fram að fatlað fólk eigi að njóta jafnréttis og sambærilegs lífs og annað fólk samfélagsins. Þar kemur einnig fram að andlega og líkamlega fatlað fólk eigi að fá stuðning og þjónustu samkvæmt lögunum og á það jafnt við fólk með þroskahömlun, geðfötlun og hreyfihamlað fólk (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Af þessu má sjá að fólk með þroskahömlun hefur rétt á að fá þann stuðning sem það þarf til að lifa sem eðlilegustu lífi og þar með komast fá vinnu og taka þátt í atvinnumarkaðnum.

Allt fatlað fólk á að eiga rétt á allri almennri þjónustu hvort sem það er hjá ríki eða viðkomandi sveitarfélagi sem einstaklingur býr í samkvæmt 7.gr laganna. Til þess að fatlað fólk geti lifað sem eðlilegustu lífi skal veita því þá þjónustu sem það þarf á hverju svæði fyrir sig. Þar má helst nefna þjónustu á heimili sínu svo fatlað fólk geti verið sjálfstætt við heimilishald. Einnig kemur fram í 8.gr laganna að þjónustan þarf að ná til hæfingar, endurhæfingar og atvinnu (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Fatlað fólk á rétt á þeirri þjónustu sem það þarf eins og hver annar þjóðfélagsþegn svo það geti lifað sem eðlilegustu lífi.

Það þarf að stafrækja þjónustustofnanir fyrir fatlað fólk á hverju landssvæði eftir því sem þörf er á eins og segir í 9 grein laganna. Má þar helst nefna dagvistarstofnanir, hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, skammtímavistun og verndaða vinnustaði (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Mikilvægt er fyrir fatlað fólk að komast í einhverskonar hæfingu hvort sem það er í hæfingarstöð eða verndaða vinnu með aðstoð. Að vinnuframlag þeirra sé metið eins og hjá öðrum þjóðfélagsþegnum.

Ef fatlaður einstaklingur þarf aðstoð við vinnu sína ber að veita honum þá aðstoð sem hann þarf „með sérstakri liðveislu á vinnustað“ segir í 29.gr laganna. Það er mikilvægt að veita fötluðu fólki starfsþjálfun í almennum fyrirtækjum eða stofnunum eins og öðrum (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Hér er verið að tryggja að allir gangi inn um sömu dyr óháð því hvort þeir þurfi aðstoð með sérstakri liðveislu eður ei.

Vernduð vinna skal vera til boða fyrir fatlað fólk á hverju svæði fyrir sig hvort sem það er á almennum vinnumarkaði eða á sérstökum vernduðum vinnustöðum. Launuð starfsþjálfun og störf skulu vera í boði fyrir fatlað fólk eins og segir í 30.gr laganna (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Það getur verið mikilvægt fyrir fatlað fólk að hafa þennan titil, starfsmaður að vera metinn jafn mikið og aðrir í samfélaginu hvort sem það er starfsþjálfun eða launuð vinna eins og segir hér á undan.

Í 32. grein kemur fram að „fatlað fólk skal eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi“. Hér er átt við ef starfsgeta þeirra er meiri eða sambærileg starfsgetu annara sem gætu sótt um starfið (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Einstaklingur sem notar hjólastól gæti einungis verið lamaður fyrir neðan mitti en haft næga starfsgetu til dæmis að vinna við tölvur.

Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996

1. grein reglugerðarinnar segir að það þurfi að finna fötluðu fólki störf á almennum vinnumarkaði. Það þarf að veita einstaklingunum aðstoð svo þau geti nýtt sér þá færni og vinnugetu sem þau hafa. Starfrækja þarf atvinnuleit, starfsráðgjöf og vinnumiðlun sem aðstoða fatlað fólk að finna verndaða vinnu, hæfingu eða iðju (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Mikilvægt er að allir hafi vinnu hvort sem einstaklingur er fatlaður eða ei. Skerðing fatlaðs

einstakling á ekki að vera hindrun fyrir því að hann geti unnið og er því mikilvægt að finna lausnir hverju sinni.

Hæfing og iðja skal fara fram á hæfingar- og/eða endurhæfingarstöðum eins og segir í 9. gr reglugerðarinnar. Einnig segir að hún geti farið fram á vernduðum vinnustöðum, almennum vinnumarkaði eða á dagvistarstofnunum (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Misjafnt er hvað felst í hæfingu og iðju, en það skiptir miklu máli að allir fái rétta leiðsögn svo að einstaklingur geti starfað eins sjálfstætt og unnt er.

Það sem felst í hæfingu og iðju samkvæmt 8. gr reglugerðarinnar er að hæfing er „alhliða starfs- og félagsleg þjálfun“ sem hefur það markmið að auka hæfni til iðju og atvinnuþátttöku tímabundið. Í iðju eru einföld vinnuverkefni og félagsþjálfun og lögð eru tengsl við vinnumarkaðinn. „Iðja getur orðið varanlegt úrræði“. Það er ekki skylt að greiða laun hvorki í hæfingu eða iðju (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Það er nauðsýnlegt að þjálfva einstaklinga til að auka hæfni þeirra hvort sem það er með einföldum vinnuverkefnum fyrst um sinn eða starfs- og félagslegri þjálfun.

Mikilvægt er að koma upp vernduðu vinnustöðum til að veita fötluðu fólki launaða starfsþjálfun hvort sem það er föst eða tímabundin störf eins og segir í 10 gr, reglugerðarinnar. Á þessum vinnustöðum skal vera stunduð framleiðsla og/eða einhverskonar þjónustustarfsemi sem gerir ráð fyrir ýmiskonar atvinnutækifærum. Gerð verður „krafa um verulegt vinnuframlag gegn launum“. Það skulu vera til störf fyrir þá sem ekki hafa sömu starfsgetu en þó gegn launagreiðslu. Það ber að veita þá þjálfun þar sem þess þarf (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Ekki er alltaf hægt að koma upp vernduðum vinnustöðum í smærri sveitarfélögum en er þá hægt að veita verndaða vinnu inn á hinn almenna vinnumarkað. Fatlað fólk hefur sömu ábyrgð og skyldur eins og aðrir og því er sú krafa gerð að skila vinnuframlagi gegn launum.

Það skiptir miklu máli þegar fatlaður einstaklingur ræður sig til vinnu að gerður er sérstakur samningu við hann sem segir til um hans skyldur og réttindi. Það skal einnig koma fram lýsing á viðkomandi starfi eða þeirra þjálfun sem hann nýtur, hver vinnutími hans sé, kaup og kjör og að lokum uppsagnarfrestur. Þessi

samningur skal gerður við allt fatlað fólk sem ræður sig til vinnu á vernduðum vinnustað eins og segir í 11. gr. reglugerðarinnar (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Það er mjög mikilvægt að allt komi fram í ráðningarsamningum þegar fólk ræður sig til vinnu hvort sem það er vernduð vinna eða vinna á almennum vinnumarkaði ef upp koma einhver vandamál síðar meir.

Meta skal getu einstaklings á vernduðum vinnustöðum segir í 12 gr. reglugerðarinnar. En það er gert til þess að sjá hvort viðkomandi aðili gæti fært sig upp í starfi hvort sem það er á vernduðum vinnustað eða farið út á almennan vinnumarkað (Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996). Þetta er mjög nauðsýnlegt svo fólk staðni ekki í starfi sínu og er kannski að vinna undir sig en getur gert mun meira en ætla.

Samantekt

Hér að framan hefur verið fjallað um þrjú sjónarhorn sem fram hafa komið um fötlun. Læknisfræðilega sjónarhornið hefur gjarnan verið gagnrýnt fyrir það að ætla að „laga“ einstaklinginn með allskonar endurhæfingu og þjálfun; til dæmis sjúkráþjálfun og talþjálfun. Breska félagslega líkanið beinir sjónum sínum að því að fjarlægja hindranirnar sem fatlað fólk verður oft fyrir í lífinu. Norræna tengslasjónarhornið fjallar til dæmis um að fötlun geti verið aðstæðubundin; það sem hamlar fötluðum einstakling á einu sviði þarf ekki að há honum á öðru sviði. Einnig var farið í þau lög og þær reglur sem lúta að hæfingu, verndaðri vinnu og atvinnu með stuðningi en það er megin þemað í þessu verkefni. Megináherslan er að tryggja öllum sömu réttindi að allir geti farið inn um sömu dyr og unnið á sömu vinnustöðum óháð fötlun eða skerðingar. Sérhver þjóðfélagsþegn á rétt á því að vinnuframlag hans sé metið.

2. Kynning á þjónustustofnunum

Vinnustaðir eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Í þessum kafla verða kynntar þær þrjár þjónustustofnanir sem eru í boði á Akureyri fyrir fullorðið fatlað fólk, hvort sem það er hæfing, vernduð vinna eða atvinna með stuðning. Einnig verður farið í vinnusamninga öryrkja.

Saga Skógarlundar/Birkilundar hæfingarstöð

Saga hæfingarstöðvarinnar hófst í ágúst 1992, þegar vinnustofur Sólborgar og skólaladagheimili tilheyrandi Sólborg sameinuðust. Sólborg var altæk stofnun fyrir fólk með þroskahömlun þar sem einstaklingur var oft vistaður til langtíma og varði öllum sínum stundum þar innan veggja stofnunarinnar (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Til að byrja með fór starfsemin fram á einni hæð á Sólborg, en þó á tveimur deildum, hæfingardeild og deild fjölfatlaðra einstaklinga. Notendur voru fáir sem og starfsmenn. Í desemberbyrjun 1996 fluttist starfsemin í Skógarlundinn. Frá því í september 2007 hefur hæfingarstöðin leigt húsnæði í Birkilundi 10, af Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og fer starfsemi einnar deildar hæfingarstöðvarinnar þar fram (Halldóra Gunnarsdóttir, munnleg heimild febrúar 2012).

Síðan í ársbyrjun 1997 hefur hæfingarstöðin verið ein af stofnunum Akureyrarbæjar og heyrir undir Fjölskyldudeild Félagssviðs bæjarins. Áður heyrði hún undir Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra en hún var lögð niður þegar málefni fatlaðs fólks voru tekin yfir til sveitarfélagsins í heild sinni sem reynsluverkefni. Í ársbyrjun 1999 urðu þær breytingar í dagþjónustu við fatlað fólk á Akureyri, að Iðjulundi vernduðum vinnustað var lokað og fór þá fatlað fólk þaðan annars vegar í Skógarlund og hins vegar á Plastiðjuna Bjarg-Iðjulund (PBI). Notendur sem komu í Skógarlundinn voru þeir sem þurfa meiri aðstoð en þeir sem fóru á PBI. Einnig komu þeir einstaklingar sem voru með minnkandi starfsgetu í hæfingarstöðina því þar er mun rólegra umhverfi en á PBI og ekki eins vinnumiðað (Halldóra Gunnarsdóttir, munnleg heimild febrúar 2012).

Skógarlundur/Birkilundur, hæfingarstöð er fyrir fullorðið fatlað fólk sbr. 26. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og hefur þann tilgang að draga úr áhrifum fötlunar og auka færni hins fatlaða til þátttöku í daglegu lífi. Hlutverk Skógarlundar/Birkilundar, hæfingarstöðvar er að veita því fólki sem fötlunar

sinnar vegna þarf sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu, léttu vinnu, þjálfun, umönnun og einhverskonar afþreyingu. Markhópurinn er fatlað fólk sem hefur ekki getu til að starfa á almennum vinnumarkað (Margrét Ríkarðsdóttir, 2011).

Unnið er markvisst með boðskiptakerfin TEACCH og tákn með tali. Með TEACCH kerfinu (Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children) er unnið að skipulagðri þjálfun eða kennslu. Mikið notast við myndræn tákn sem sett eru í möppu hjá viðkomandi aðila eða upp á vegg, oftast með frönskum rennilás svo auðvelt sé að færa á milli. Tákn með tali er einnig notað því þeir einstaklingar sem eiga erfitt með að tjá sig í orðum en hafa fulla heyrn notast mjög oft við tákn með tali (Halldóra Gunnarsdóttir munnleg heimild, mars 2012).

Helstu markmið Skógarlundar/Birkilundar, hæfingarstöðvar eru meðal annars að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklinga og viðhalda því. Að einstaklingar upplifi vellíðan og öryggi og efla frumkvæði þeirra. Eitt af markmiðunum er að útskrifa einstaklingana í starfsþjálfun, þá á PBI (Halldóra Gunnarsdóttir munnleg heimild, febrúar 2012).

Starfsemi Skógarlundar/Birkilundar, hæfingarstöðvar fer fram á fimm deildum. Deild fjölfatlaðra, deild eldri borgara/afþreyingardeild, deild ungmenna, deild skapandi starfs og útideild.

Deild skapandi starfs: skiptist í fjögur svæði. Á þessum deildum er unnið með leir og gler, tré, pappír og textíl. Auk þess er unnið með vinnuverkefni ýmiskonar. Markmiðið með skapandi starfi er meðal annars að auka sköpunarkraft, virkja ímyndunaraflið, þjálfna fín- og grófhreyfingar, efla fegurðarskyn og sköpunargleði og að lokum skapa söluhæfa hluti.

Á Deild eldri borgara /Afþreyingardeild: er unnið eftir hugmyndum um starf með fullorðnu fólki sem farið er að tapa starfsgetu og mikilvægi afþreyingar í lífi fólks. Á deildinni er unnið eftir getu hvers og eins má þá helst nefna hreyfifærni með því að vinna létt verkefni eins og að flokka hluti. Einnig er unnið með andlega færni en þá er verið að rifja upp gamla tíma með því að horfa á til dæmis gömul myndbönd og hlusta á gamla tónlist. Þar er mikið lagt upp úr vellíðan fólks en það er eitt af markmiðum hæfingarstöðvarinnar.

Á Deild fjölfatlaðra: fer fyrst og fremst fram skyn og hreyfiþjálfun. Þar fer einnig fram félagsþjálfun og afþreying.

Ungmennadeild: sem staðsett er í Birkilundi 10, þjónar ungu fólki sem enn er í framhaldsskóla eða hefur nýverið lokið námi í framhaldsskóla. Á deildinni er unnið eftir TEACCH kerfinu um skipulögð vinnubrögð. Aðaláhersla er á félagshæfingu og vinnuhæfingu en einnig er áhersla á hreyfingu og líkamsrækt. Hefur hreyfingin meðal annars verið í formi göngu og sundferða.

Útídeild: þjónar fólki þvert á allar deildir og markmið deildarinnar eru meðal annars að einstaklingur njóti náttúrunnar, að hann fái hreyfingu í náttúrulegu umhverfi og hann kynnist mismunandi tilboðum og möguleikum eins og t.d. að fara á skíði eða skauta (Halldóra Gunnarsdóttir, munnleg heimild febrúar 2012).

Starfsemi Skógarlundar/Birkilundar, hæfingarstöðar miðast einnig við að skipuleggja, framfylgja og meta starfsáætlanir. Það er gert með því að fylgjast með andlegu og líkamlegu heilsufari notenda. Notast er við þjálfun allar athafnir daglegs lífs þjálfununa, eða ADL eins og hún er oftast kölluð. Einnig er notast við félagsþjálfun og atferlismeðferð þar sem hennar er þörf. Það er reynt að stuðla að því að hinn fatlaði verði sem mest sjálfbjarga í ADL, svo að fötlun hans dragi ekki úr möguleikum til þátttöku í samfélaginu (Margrét Ríkarðsdóttir, 2011).

Saga Plastiðjunnar Bjargs-Iðjulundar

Plastiðjan Bjarg var stofnuð árið 1968 af Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra, en Iðjulundur var stofnaður árið 1981. Árið 1993 tók Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra við rekstrinum á báðum stöðum. Þá var gerður starfsþjálfunarstaður fyrir fólk með fötlun og síðar meir voru vinnustaðirnir tveir sameinaðir í lok janúar árið 1999. Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) er starfsþjálfunar- og endurhæfingarstaður fyrir fatlað fólk og þá sem hafa orðið fyrir einhverjum veikindum, eða lent í slysi. Árið 2007 flutti Plastiðjan svo í Furuvelli 1 og fer öll starfsemi fram þar í dag (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild, febrúar, 2012).

Í dag er Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur um 70 manna vinnustaður sem skiptist í þjónustunotendur og leiðbeinendur, þar sem einstaklingum með skert starfsþrek er veitt atvinna til skemmri eða lengri tíma. Það eru um 55 þjónustunotendur í starfsþjálfun hjá PBI hverju sinni og 12 leiðbeinendur í fullu starfi (forstöðumaður, verkstjórar, iðjuþjálfar, matráður og fleiri störf). Það eru 25 stöðugildi fyrir þjónustunotendur með mismunandi starfsgetu og er fullmannað í þær stöður. Það er yfirleitt um 50% starfshlutfall sem er í boði fyrir þjónustunotendur og allt niður í 4 tíma á viku, sem getur dreifst á alla virka daga

vikunnar. Laun eru greidd samkvæmt vinnusamningum sem gerðir eru við hvern og einn einstakling þar sem vinnuframlag og starfsgeta er metin hverju sinni og er endurmetin eftir þörfum. Áhersla er lögð á iðnaðarframleiðslu sem krefst vinnu með höndunum eða minni vélum. Þetta er fyrst og fremst verndaður starfsþjálfunar- og endurhæfingarvinnustaður þar sem áhersla er lögð á bæði einföld og flóknari störf (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild, febrúar, 2012).

Markmið í starfsþjálfun er að þjálfa fatlað fólk til starfa og meta möguleika þeirra til vinnu á almennum vinnumarkaði. Í reglum PBI kemur fram að einstaklingur þarf að skila inn 30% starfshlutfalli til að geta starfað á PBI í starfsþjálfuninni, annars sækir hann hæfingu til Skógarlundar/Birkilundar hæfingarstöðvar (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild, febrúar, 2012).

Mikil áhersla er lögð á rétt vinnubrögð, að starfsvenjur séu góðar og að fólk mæti á réttum tíma til vinnu. Það er mikilvægt að einstaklingar skili þeim vinnutíma sem um er saminn hverju sinni. Samskipti við aðra starfsmenn séu góð og allir eigi auðvelt með að vinna saman. Starfsþjálfunarsamningar við einstaklinga eru gerðir til 6 mánaða í senn og ef áhugi er á áframhaldandi vinnu þá eru þeir framlengdir (Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur, e.d.a.).

PBI er góður kostur fyrir fatlað fólk og einstaklinga sem hafa litla eða enga starfsreynslu á vinnumarkaði. Einstaklingar sem hafa verið á starfsdeild í Verkmenntaskólanum (VMA) eða í hæfingu í Skógarlundi/Birkilundi hæfingarstöð, treysta sér oft ekki út á almennan vinnumarkað og gefst því kostur á að vinna á PBI áður en lengra er haldið. PBI er rólegur og þægilegur vinnustaður þar sem fólk vinnur á sínum hraða. Það er að mestu leyti iðnaðarframleiðsla sem fer fram á Plastiðjunni, en það er hægt að fá létt störf við ýmislegt eins og að vinna í eldhúsi, við skrifstofustörf eða við þrif. Þegar einstaklingar eru tilbúnir til þess að fara út á hinn almenna vinnumarkað, er það skoðað með þeim og þá er leitað eftir aðstoð hjá Atvinnu með stuðningi (AMS). Starfsfólk AMS aðstoðar við atvinnuleit á starfsþjálfunartímanum í samráði við starfsfólk PBI og þann sem er verið að aðstoða hverju sinni. Að lokinni þjálfun á PBI stendur til boða stuðningur starfsfólks AMS (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild febrúar 2012; Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur, e.d.b).

Það eru mismunandi deildir starfræktar á Plastiðjunni en þær eru eftirfarandi :
Plastiðnaðardeild: þar sem framleitt er raflagnaefni, fjármerki og skilti.

Kertadeild: en hún framleiðir útikerti og innikerti.

Textíldæild: framleiðir mjólkursíur, vettlinga, tuskur, saumar rúmföt og fleira í þeim dúr. Fyrir utan eigin framleiðslu tekur fyrirtækið meðal annars að sér pökkun og álímingu á umbúðum fyrir önnur framleiðslufyrirtæki. Allar þessar vörur, nema rúmfötin og raflagnaefnið, eru seldar úti á almennum markaði. PBI rekur einnig verslun sem er staðsett að Furuvöllum 1 og er hún opin öllum (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild, febrúar, 2012).

Atvinna með stuðningi

Atvinnu með stuðningi (e. supported employment) má rekja til Bandaríkjanna og aftur til sjöunda áratugarins. Það kom í ljós að fólk með þroskahömlun gæti vel unnið á almennum vinnumarkaði, ef það fékk nægan stuðning til þess. Þetta varð til þess að fötluðu fólki var tryggður réttur til þess að vinna á almennum vinnumarkaði. Nú á síðari árum hefur þörfin aukist fyrir þjónustu AMS til dæmis hjá fíklum og þeim sem hafa verið lengi atvinnulausir (McLoughlin, Garner, og Callahan, 1987).

Sögu atvinnu með stuðningi á Akureyri má rekja aftur til ársins 2004. Þá breyttist atvinnuleit fatlaðra, sem rekin var af svæðisskrifstofum í málefnum fatlaðra, í atvinnu með stuðningi og var það liður í að veita sem flestum atvinnu bæði á Akureyri sem og annarsstaðar á landinu (Atvinna með stuðningi, 2004).

Atvinna með stuðningi heyrir undir fjölskyldudeild á Akureyri. Þetta er einstaklingsmiðuð þjónusta sem felur í sér viðtækan stuðning út á vinnumarkað við þá sem hafa litla eða skerta vinnugetu vegna líkamlegrar eða andlegrar fötlunar sinnar. Starfsmenn AMS aðstoða einstaklinga við að finna vinnu við þeirra hæfi. Það er gert í formlegu atvinnuviðtali þar sem viðkomandi aðili er spurður út í hvað hann langar að gera, hvað hann hefur gert, í hverju hann er góður, áhugamál hans og framtíðardraumar (Sigrún Einarsdóttir, munnleg heimild janúar 2012). Starfsmenn AMS veita einstaklingum stuðning í þjálfun á vinnustað þegar þeir hafa fengið vinnu fyrst um sinn og svo dregur úr honum smátt og smátt. Starfsmaðurinn sjálfur þarf svo að vera tilbúinn til að starfa einn án stuðnings (Atvinna með stuðningi, 2004).

Hlutverk AMS er að finna launaða vinnu á almennum vinnumarkaði fyrir einstaklinga og er gerður fullgildur ráðningarsamningur eins og hjá öðrum. Einstaklingarnir fá sömu laun, það er að segja launin eru eftir kjarasamningum. Á

Akureyri er það Eining Iðja sem heldur utan um samningana (Gæðþjónusta Atvinnu með stuðningi, e.d.). AMS notast við vinnusamninga öryrkja en Tryggingastofnun Ríkisins (TR) tekur þátt í launagreiðslum atvinnurekenda. Fyrstu tvö árin í starfi greiðir TR 75% af launum starfsmanns til atvinnurekanda en síðan fer það hlutfall minnkandi um 10% á hverju ári þar til lágmarks endurgreiðsluhlutfalli er náð, sem er 25% endurgreiðsla af launum (Reglugerð um öryrkjavinnu nr 159/1995; Vinnusamningur öryrkja e.d.).

Hjá AMS á Akureyri eru einungis tveir starfsmenn í fullu starfi. Annar þeirra er meira í tölvuvinnu og sér um ráðningar, finna vinnustaði og þvíumlíkt en hinn fer meira út á vettvang og veitir stuðning á þeim vinnustöðum sem einstaklingar eru ráðnir á. AMS er í góðu samstarfi við Plastiðjuna Bjarg-Iðjulund og kemur annar ráðgjafi AMS þar reglulega. Ef einstaklingar hafa ekki verið í vinnu áður, eða verið frá vinnu einhverra hluta vegna, er mælt er með því að fólk byrji að vinna á PBI fyrst um sinn. Þegar starfsmenn AMS hafa fundið út hvað fólk vill starfa eða hefur áhuga á er farið og kannað hvort viðkomandi fyrirtæki hafi eitthvað laust. Sum fyrirtæki hringja og óska eftir starfsfólki ef það sér fram á vinnuaukningu hjá sér eins. Sem dæmi má nefna verslanir en þar vantar oft fólk til að raða upp í hillur og taka innkaupakerrur og setja á viðeigandi staði (Sigrún Einarasdóttir, munnleg heimild janúar 2012).

Árið 2011 voru um það bil 100 einstaklingar sem nutu aðstoðar atvinnu með stuðningi og/eða eftir starfsendurhæfingu á PBI, í störfum á almennum vinnumarkaði. Af þessum 100 einstaklingum nutu 83 einstaklingar aðstoðar á vinnumarkaði vegna varanlegrar vinnu árið 2011. Aðstoð vegna sumarvinnu nutu 68 einstaklingar 20 ára og eldri búsettir á Akureyri auk þess 5 einstaklingar utan Akureyrar alls 73 einstaklingar. Af þessum 73 hafa 18 einstaklingar fengið varanlega vinnu í kjölfar sumarvinnu. Sautján einstaklingar voru á biðlista eftir atvinnu með stuðningi í lok árs 2011 (Ársskýrsla Akureyrarbæjar, 2011).

Til þess að sækja um vinnu á þessum þrem stöðum þarf að sækja um til atvinnuteymis en það er teymi sem afgreiðir allar umsóknir í dagþjónustu, vernaða vinnu eða atvinnu með stuðningi. Teymið samanstendur af stjórnendum þessara þriggja þjónustustofnana sem fjallað hefur verið um í verkefninu. Teymið fundar á þriggja vikna fresti um allar umsóknir hvort sem það er umsókn í Skógarlund/Birkilund hæfingarstöð, starfsþjálfun á Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi og svo atvinnu með stuðningi. Þegar sótt er um til atvinnuteymis þarf að fylgja

með umsókninni læknisvottorð og umsögn einhvers fagaðila en flestar tilvísanir koma frá dagdeild geðdeildar, endurhæfingardeildinni á Kristnesi og félagsþjónustunni, en félagsþjónustan þekkir fólkið í gegnum ráðgjöf sem hún hefur veitt (Sigrún Einarsdóttir, munnleg heimild janúar 2012).

Vinnusamningur öryrkja

Vinnusamningur öryrkja byggist á reglugerð nr. 159/1995. Þessir samningar ganga út á það að Tryggingastofnun Ríkisins endurgreiðir atvinnurekanda mánaðarlegt hlutfall af launum starfsmannsins (Reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995). Tilgangur þessa samnings er að hvetja atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði að ráða fatlað fólk eða þá sem eiga erfitt með að fá vinnu. Þessir samningar eru gerðir til þriggja mánaða í senn eins og segir í 3. gr reglugerðarinnar, en heimilt er að lengja þá og endurnýja (Reglugerð um öryrkjavinnu nr.159/1995). Endurgreiðsluhlutfall launa er að hámarki 75% og aldrei lægra en 25% og er endurskoðað þegar samningur er endurnýjaður. Það er einungis leyfilegt að gera einn samning við hvern einstakling hvort sem það er fullt starf eða hlutastarf og eru það þær stofnanir sem sjá um atvinnumiðlun fatlaðra og starfsendurhæfingu sem eru umsjónaraðilar þessa samnings (Tryggingastofnun, e.d.). Á Akureyri eru það Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur og atvinna með stuðningi sem sjá um ráðningar (Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur, e.d.c.).

Samantekt

Þær þjónustustofnanir sem taldar voru hér upp veita allar fötluðu fólki þjónustu hvort sem það er hæfing eins og í Skógarlundi/Birkilundi hæfingarstöð, vernduð vinna eins og hjá Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi eða atvinnu með stuðningi úti á almennum vinnumarkaði. Þetta eru ekki svo ólíkar stofnanir að því leitinu til að það er verið að aðstoða einstaklinga til að sækja um vinnu. Vinnusamningar öryrkja auka atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk.

3. Rannsóknaraðferðir

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir vali á viðfangsefni. Það verður farið í rannsóknaraðferð, skráningu gagna og þátttakendur kynntir. Einnig verður farið í það hvernig gagnasöfnun fór fram og hvernig var unnið úr gögnunum og þau greind.

Val á viðfangsefni

Af hverju valdi ég mér atvinnumál fatlaðs fólks? Jú því má svara þannig að ég hef haft mjög mikinn áhuga á atvinnumálum fatlaðs fólks síðan ég var ung stúlka. Ég man eftir því þegar það kom hópur fatlaðs fólks að slá garðinn í blokkinni sem ég bjó í, að ég fór alltaf út að spjalla við fólkið. Sumir gátu svarað mér en aðrir ekki, það vakti hjá mér spurningar hvort þau fengju ekki örugglega borgað fyrir að slá garðinn minn en hvað vissi ég svona ung stúlka. Því ákvað ég að skoða rétt fatlaðs fólks til vinnu í lögum um málefni fatlaðs fólks og Reglugerð um atvinnumál fatlaðra. Ég hóf svo störf hjá Skógarlundi/Birkilundi hæfingarstöð í september 2008. Það var eins þegar ég byrjaði þar, ég vissi ekki betur en þau fengju laun fyrir vinnuna sem þau voru að vinna. Einstaklingarnir voru meðal annars að setja skráfur og klemmur í poka en hér áður fyrir, eða fyrir kreppu, voru stundum verkefni frá Húsasmiðjunni sem hæfingarstöðin vann. Ég gerði mér ekki grein fyrir að þetta væri ekki launuð vinna fyrir en í eitt skiptið þegar ég var að fara ganga frá og spurði hvert þetta væri sett, þá sagði konan sem var að leiðbeina mér að þetta væri tekið úr pokunum og sett aftur upp í hillu og svo unnið aftur daginn eftir. Þegar ég hugsa til baka þá tengdi ég það ekki við nafnið að hæfingarstöð væri hæfing og þjálfun. Markmið rannsóknaritgerðar minnar var að kanna atvinnumöguleika fatlaðs fólks á Akureyri. Ég hafði oft séð fatlað fólk út á götu en hvort það hefði einhverja vinnu eða væri í þjálfun eða hæfingu vissi ég ekki fyrir en ég hóf þetta nám mitt og ákvað loks að skrifa þetta verkefni.

Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn var notast við eigindlega aðferð rannsókna (e. qualitative research methods). Hægt er að nota ýmsar aðferðir við gerð eigindlegra rannsókna og má þar helst nefna þátttökuathuganir, ritaðar heimildir og opin viðtöl, en í þessu verkefni var stuðst við opin viðtöl (Esterberg 2002). Opin viðtöl snúast helst

um það viðfangsefni sem á að skrifa um og viðmælendur fá að njóta sín með því að draga fram það helsta sem þeim finnst skipta máli að komi fram (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001). Eigindlegar aðferðir leggja megináherslu á að fá sem heildstæðasta mynd á sjónarhorni fárra einstaklinga (Taylor og Bogdan, 1998).

Þátttakendur

Til þess að fá svör við rannsóknarspurningu minni þurfti ég að leita upplýsinga hjá nokkrum einstaklingum, svo sem leiðbeinanda í vettvangsnámi mínu og yfirmanns míns. Þeir vísuðu mér á þær þrjár þjónustustofnanir sem best var að tala við. Talaði ég við þrjá viðmælendur á þremur ólíkum þjónustustofnunum sem bjóða fötluðu fólki ýmist upp á hæfingu, verndaða vinnu eða atvinnu með stuðningi. Ekki eru notuð rétt nöfn á viðmælendum en það er gert til þess að tryggja trúnað þátttakenda í rannsókninni.

Halldóra Gunnarsdóttir er starfsmaður Skógarlundar/Birkilundar Hæfingarstöðvar á Akureyri.

Sigrún Einarsdóttir er starfsmaður Atvinnu með stuðningi á Akureyri.

Lilja Jónsdóttir er starfsmaður Plastiðjunnar Bjarg-Iðjulundar á Akureyri.

Það var mjög auðvelt að fá viðtöl við alla mína viðmælendur og buðu þeir mér einnig að hafa samband, annaðhvort í tölvupósti eða síma, ef mig vantaði frekari upplýsingar.

Gagnasöfnun

Rannsóknin hófst í byrjun janúar 2012 og lauk í mars sama ár. Ég tók opin viðtöl og notaði opnar spurningar sem miðuðu að því að fá viðmælanda til að tjá sig með eins opnum hug og óþvingað og hægt var. Eigindleg viðtöl eru oft sveigjanleg og njóta breytileika þegar viðtal hefst (Taylor og Bogdan, 1998).

Skráning og greining gagna

Ég skráði orðrétt upp öll viðtöl við viðmælendur mína og tók eitt viðtal við hverja þjónustustofnun þannig að þetta voru þrjú viðtöl sem ég tók. Ég lagði upp með nokkrar spurningar og reyndi að nota þær allar í viðtölunum svo bættist við eftir því sem leið á í viðtölunum. Fyrsta viðtal tók ég 25. janúar og það seinasta tók ég

6. febrúar. Viðtölin voru frá 20 mínútum upp í einn klukktíma og tuttugu mínútur. Ég notaði upptökutæki í öll viðtölin mín. Öll viðtölin fóru fram á vinnustöðum viðmælenda. Þegar ég pantaði þau gerði ég strax grein fyrir að þetta væri fyrir BA-verkefnið mitt og ég væri að tala um atvinnumöguleika fatlaðs fólks. Þá gátu viðmælendur mínir aðeins undirbúið sig fyrir viðtölin.

Greiningu gagna fór þannig fram að ég punktaði hjá mér athugasemdir í viðtölunum og skoðaði þau nánar. Ef einhverjar vangaveltur vöknudu þá hafði ég samband við viðmælendur mína til þess að fá betri útskýringar. Eftir að allri gagnasöfnun var lokið eftir hvert viðtal þá greindi ég þau í þemu og kódaði þau. Ritgerðin byggist að mestu leyti á greiningu gagna minna. Hún skiptist í fimm kafla með umræðum og lokaorði.

Samantekt

Hér á undan var vali á viðfangsefni lýst, farið í rannsóknaraðferð og val á þátttakendum. Einnig var farið í gagnasöfnun svo og skráningu og greiningu gagna.

4. Niðurstöður rannsóknar um atvinnumöguleika

Hér á eftir verður farið yfir atvinnumöguleika fatlaðs fólks og hvaða störf eru í boði á hverjum stað fyrir sig. Þau lög sem vitnað er í í ritgerðinni verða einnig tengd við þá staði sem fjallað var um. Einnig fer ég í hvaða starfshlutfall býðst á hverjum stað fyrir sig, það er Skógarlundur/Birkilundur hæfingarstöð, Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur og Atvinna með stuðningi.

Fatlað fólk á jafnan rétt á að stunda vinnu eins og hver annar þjóðfélagsþegn og kemur það fram í 1. gr. laganna um málefni fatlaðs fólks. Í 2. gr. laganna segir „að sé einstaklingur líkamlega eða andlega fatlaður eigi hann rétt á þjónustu samkvæmt þessum lögum og þarfnist þess vegna sérstakrar þjónustu eða stuðnings“ (Lög um málefni fatlaðra 59/1992). Þetta má sjá á öllum þeim stöðum sem skoðaðir voru en eins og áður hefur komið fram þá veitir Skógarlundur/Birkilundur hæfingarstöð fötluðu fólki hæfingu, Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur veitir einnig hæfingu og býður upp á létt iðnaðarstörf og atvinna með stuðningi veitir fötluðu fólki stuðning út á almennan vinnumarkað.

Atvinnumöguleikar/hæfing á hverjum stað fyrir sig

Á Akureyri er boðið upp á þrjá möguleika fyrir fatlað fólk að stunda annaðhvort vinnu eða hæfingu af einhverjum toga. Eins og fram kom í kaflanum um kynningu á þjónustustofnunum eru flest störfin létt og einkennast af endurtekningum. Eina undantekningin er Atvinna með stuðningi sem hefur kost á að bjóða upp á fjölbreyttari störf hjá mörgum fyrirtækjum.

Hæfingarstöð

Í 9. gr. laganna um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 um þjónustustofnanir er hverju sveitarfélagi skylt að reka sérstakar hæfingar – og endurhæfingarstöðvar eftir því sem við á á hverjum stað.

Skógarlundur/Birkilundur hæfingarstöð uppfyllir skilyrði hæfingarstöðvar á þjónustusvæðinu Akureyri og nágrenni. Hæfingarstöðin er dagþjónusta fyrir fatlað fólk sem býr við verulega fötlun og þarf þjálfun, afþreyingu og aðstoð af ýmsum toga við athafnir daglegs lífs. Þar er lögð mikil áhersla á skapandi starf þar sem einstaklingarnir vinna úr tré, pappír, ull, textílefnum svo eitthvað sé nefnt. Afurðirnar selja þau svo gjarnan í verslun sinni á vor- og jólamarkaði ár hvert. Þeir sem sækja hæfingu í Skógarlund/Birkilundur hæfingarstöð er aðallega fólk með

þroskahamlanir, daufblindir eða þeir sem hafa hlotið seinna tíma heilaskaða. Inntökualdur er 16 ára og sá elsti er langt genginn í áttætt. Halldóra bendir á að:

Eitt af markmiðum er að fólk útskrifist héðan og fari á vinnumarkað.

Þessu markmiði hefur aðeins einn einstaklingur náð hingað til en hann hafði verið töluvert lengi á hæfingarstöðinni. Hæfing er ekki launuð samkvæmt reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996, og eru ekki greidd laun í Skógarlundi/Birkilundi hæfingarstöð á Akureyri. Halldóra benti á að í góðærinu fékk hæfingarstöðin oft verkefni frá til dæmis, Húsasmiðjunni, en það er ekki lengur í boði. Fá utanaðkomandi verkefni hafa fengist til hæfingarstöðvarinnar eftir hrunið 2008, en það eru einna helst plastvörur sem eru framleiddar á PBI. Þær eru af skornum skammti og er reynt að skipta vinnunni niður á deildirnar svo allir fái að prófa (Halldóra Gunnarsdóttir, munnleg heimild febrúar, 2012).

Verndaðir vinnustaðir

Í 9. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks segir að verndaðir vinnustaðir eiga að vera starfræktir á hverju þjónustusvæði eftir því sem þörf er á. Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur er verndaður vinnu- og starfsþjálfunarstaður. Þar sækir fólk vinnu sem af einhverjum orsökum hefur skerta starfsgetu hvort sem það er vegna slysa, stoðkerfisvandamála, einhvers konar fötlunar til dæmis einhverfu og Downs heilkennis, geðraskana eða hefur verið í ofneyslu áfengis og fíkniefna. Það eru um 70 manns í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun á PBI frá 20 ára aldri og eru elstu menn á sjötugs aldri. Lilja bendir á að:

Fólk sækir oft um atvinnu með stuðningi, en er bent á að ef það er með brotna atvinnusögu eða það er langt síðan það hefur verið í vinnu að það sé gott að koma hingað til að fá mat á getu [...]Því er oft stýrt hingað.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996 segir að helsta hlutverk verndaðra vinnustaða sé að skapa atvinnutækifæri fyrir alla óháð fötlun og starfsgetu. Eitt af hlutverkum Plastiðjan Bjarg –Iðjulundur er að vera

starfsþjálfunarstaður til þess að meta getu einstaklinganna til að fara út á almennan vinnumarkað.

Atvinna með stuðningi

Samkvæmt 29. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 ber að veita fötluðu fólki stuðning inn á almennan vinnumarkað en það skal gert með sérstakri liðveislu. Einnig ber að veita starfsfólki á viðkomandi vinnustað upplýsingar um það ef um einhverja skerðingu er að ræða, til dæmis heyrnarskerðingu svo dæmi sé tekið..

Atvinna með stuðningi uppfyllir einmitt það hlutverk að veita fötluðu fólki stuðning út á almennan vinnumarkað. Á Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar er veitt þjónusta í atvinnu með stuðningi. Sigrún segir:

Já við erum að aðstoða einn einstakling sem er alveg með manninn með sér í vinnu en það er einstaklingur sem þarf í rauninni[...] hann er mjög mikið fatlaður og þarf að hafa manninn með sér hvað sem hann er að gera.

Mikilvægt er að einstaklingarnir séu hluti af starfsmannahópnum, séu sýnilegir og taki virkan þátt á vinnustað, séu til dæmis með á árhátíðum og fleiri uppákomum utan vinnutíma. Það eru að öllu jöfnu um það bil 100 manns á öllum aldri starfandi á ólíkum vinnustöðum víðsvegar um sveitarfélagið (Sigrún Einarsdóttir, munnleg heimild febrúar 2012).

Hversu hátt starfshlutfall er í boði á hverjum stað fyrir sig?

Hæfingarstöðin er með opið frá 8:00 á morgnanna til 16:30 á daginn og eru langflestir einstaklingarnir í 50% starfshlutfalli. Í dag eru notendur rúmlega 50. Þetta getur þó verið breytilegt því að sumir sækja þjónustu aðeins einn dag í viku. Þeir einstaklingar sem búa heima við eiga rétt á 100% þjónustu á hæfingarstöðinni átta tíma á dag, fimm daga vikunnar. Það eru ekki margir sem nýta sér hana eða 3 einstaklingar. Starfsmenn í Skógarlundi og Birkilundi eru 21 í 18,15 stöðugildum (Halldóra Gunnarsdóttir, munnleg heimild, febrúar, 2012).

PBI er með opið frá kl 8:00- 16:00 alla virka daga, það er misjafnt hversu oft fólk sækir vinnu á PBI. Vinnutími einstaklinga á PBI getur verið allt að 4 tíma á viku,

jafnvel bara einn klukkutími í senn fjóra daga vikunnar (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild, febrúar, 2012).

AMS býður upp á sína þjónustu frá kl 8:00-16:00 en eftir 16:00 á daginn eru ráðgjafar ekki lengur á vakt. Það er misjafnt í hversu miklu starfshlutfalli fólk er í, stundum byrjar það lítið og eykur við jafnt og þétt. Sigrún segir:

Flestir eru í fimmtíu prósent til að byrja með og við förum alveg niður í átta tíma á viku, að fólk sé að vinna átta tíma á viku svo dreifist það kannski tveir tímar á daga fjóra daga vikunnar eða minna fimm daga vikunnar [...] upp í hundrað prósent en það eru ekki margir. En það getur alveg verið að fólk sé þannig í stakk búið að það geti gengið sem sé.

Á Akureyri er Atvinna með stuðningi ekki flutt yfir til vinnumálastofnunnar en mun vonandi gera það í komandi framtíð. Þegar ég ræddi við Sigrúnu hjá AMS þá virtist allt vera á huldu ennþá hvort ætti að flytja AMS til vinnumálastofnunar. Það voru ekki allir sammála um hvernig þetta ætti að vera í kerfinu. AMS hefur tilheyrt fjölskyldudeild Akureyrar frá árinu 1997, fyrst sem sveitarfélag og svo voru gerðir þjónustusamningar við ríkið. Atvinna með stuðningi fór undir Vinnumálastofnun áramótin 2010-2011 annarstaðar á landinu, með yfirflutningi málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Viðmælendur mínir voru sammála um það að styttri vinnutími hentaði flestum einstaklingum betur en fullur vinnudagur. Oft geta tveir tímar hjá þeim einstaklingum sem sækja þjónustuna, jafnast á við átta tíma vinnudag hjá fólki með óskerta starfsgetu.

Hér að framan hefur verið leitast við að svara þeirri spurningu hverjir séu atvinnumöguleikar fatlaðs fólks á Akureyri. Atvinna með stuðningi gefur kost á fjölbreyttari vinnu heldur en er í boði bæði á Skógarlundi/Birkilundi hæfingarstöð og Plastiðjunni Bjargi-Iðjulundi. Allir staðirnir eru mjög vel nýttir og virðist fatlað fólk hafa gott aðgengi að þeirri þjónustu sem er í boði á svæðinu. Bið eftir vinnu/hæfingu er eins og annars staðar, misjöfn. Fólk sækir um viðkomandi starf eða hæfingu og bíður eftir að haft sé samband við það. Þess má geta að engar umsóknir lágu fyrir á síðasta atvinnuteymisfundi sem átti að vera í mars árið 2012

en féll niður vegna skorts á umsóknum. Af þessu má draga þá ályktun að staða fatlaðs fólks á Akureyrarsvæðinu í atvinnumálum sé nokkuð góð. Lilja segir:

Þá tel ég möguleikana vera nokkuð góða ef nægur stuðningur er fyrir hendi. Stuðningurinn er öryggiskeðja til vinnuveitenda.

Lilja bendir einnig á að atvinnumál séu góð á Akureyri fyrir fatlað fólk. Margir halda að allt fatlað fólk vilji vinna og það sé gott að fá þið inn á vinnustaði. Það er vissulega satt í mjög mörgum tilfellum en það eru til dæmi þess að fatlað fólk vilji ekki vinna og sjái ekki tilgang í því að mæta í vinnu. Þetta á mjög gjarnan við um ungt fólk með einhverskonar geðraskanir eða samþætta geð- og fíkniefnavanda (Lilja Jónsdóttir, munnleg heimild, mars 2012).

Samantekt

Hér á undan var farið yfir atvinnumöguleika og hvaða störf /hæfing er í boði á þeim þjónustustofnunum sem þessi ritgerð einblínir á, og hversu hátt starfshlutfall fólk er yfirleitt í. Rannsóknarspurningunni var svarað um hverjir atvinnumöguleikar fatlaðs fólks eru á Akureyri.

Umræður

Ekki eru allir sammála því hvernig á að útskýra hugtakið fötlun. Læknisfræðilega sjónarhornið á fötlun er ekki gott dæmi um hvernig eigi að skilgreina fötlun því að það sjónarhorn einblínir á það að „laga“ fatlaðan einstakling. Að mínu mati er Skógarlundur/Birkilundur hæfingarstöð að vinna þannig að einhverju leyti að reyna „laga“ einstaklinga. Sumt af fólkinu sem sækir þjónustu á hæfingarstöðina er orðið gamalt og veikburða. Það þarf að fylgst vel með andlegri líðan þeirra og heilsufari, það þarf aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Að mörgu leyti er verið að vinna eftir breska félagslega líkaninu einnig með því að gera einstaklingana sem mest sjálfstæða í öllum athöfnum daglegs lífs. Það er gert með ýmisskonar þjálfun, til dæmis brjóta saman þvott eða vaska upp. Að vissu leyti vinnur Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur líka aðeins eftir læknisfræðilega líkaninu með því að veita fólki atvinnu sem hefur verið í einhverskonar þjálfun, til dæmis hjá endurhæfingardeildinni á Kristnesi. Það er gert með léttum iðnaðarstörfum með höndunum, oft vill það verða að sama krafa er gerð til þeirra sem hafa skertari starfsgetu en aðrir, að skila sama vinnuframlagi.

Breska félagslega líkanið og norræna tengslasjónarhornið einblína á það að fatlað fólk öðlist sem mest frelsi í þjóðfélaginu og búi við sömu kjör og aðrir þjóðfélagsþegnar óháð aðstæðum. Mitt mat er að atvinna með stuðningi stuðlar að því að einstaklingar fá meira frelsi út á vinnumarkaðinn, en það gerir PBI einnig með þeirri þjálfun sem fer þar fram, og vinnur því PBI eftir báðum líkönunum.

Fatlað fólk hefur sömu réttindi og skyldur og aðrir í þjóðfélaginu hvað varðar til dæmis að mæta á réttum tíma til vinnu og hætta á réttum tíma.

Í þessari ritgerð hefur verið farið yfir atvinnumöguleika fatlaðs fólks á Akureyri og sjá má að það er auðvelt fyrir fatlað fólk að fá vinnu á Akureyri. Þeir einstaklingar sem geta sótt um sjálfir um atvinnu sækja um til atvinnuteymis með eða án aðstoddar, en starfsmenn AMS hafa einnig aðstoða við atvinnuumsóknir fyrir þá sem þurfa. Flestir fá einhverskonar úrræði hvort sem það er fyrst um sinn á PBI eða í atvinnu með stuðning. Fatlað fólk á fullt erindi út á hinn almenna vinnumarkað og hefur það sömu þarfir og ófatlað fólk hvort sem það varðar vinnu eða annað og á sérhver þjóðfélagsþegn rétt á því að vinnuframlag hans sé metið. Mikilvægt er til dæmis að fólk í hjólastólu fólk með geðraskanir eða fólk með

einhverfu sé ekki sniðgengið þegar kemur að ráðningu í störf á almennum vinnumarkaði þar sem hæfni þeirra einstaklinga getur verið jöfn eða meiri en hæfni ófatlaðra einstaklinga sem einnig sækja um starfið. Það skiptir einnig miklu máli að fatlað fólk sé vel upplýst um þá kosti sem standa því til boða í atvinnumálum.

Lokaorð

Markmið verkefnis míns var að kanna atvinnumöguleika fatlaðs fólks á Akureyri. Það gerði ég með því að skoða þær þrjár þjónustustofnanir sem bjóða annað hvort upp á hæfingu eða vinnu með eða án stuðnings. Ég skoðaði líka lög um málefni fatlaðs fólks en þar stendur að fatlað fólk eigi rétt á vinnu óháð fötlun sinni. Þjónustan skal vera sniðin að þörfum þeirra hverju sinni.

Það kom mér frekar mikið á óvart hvað það virðist vera einfalt fyrir fatlað fólk að fá einhverskonar vinnu annað hvort á vernduðum vinnustað eða með stuðningi hjá AMS. Aftur á móti var ég frekar hissa á þegar ég komst að því að atvinnumál fatlaðs fólks á Akureyri sé ekki hjá Vinnumálastofnun eins og allsstaðar annarstaðar á landinu.

Framtíðarsýn mín í atvinnumálum fatlaðs fólks er sú að allir geti gengið inn um sömu dyr þegar þeir leita að vinnu og að fatlað fólk verði ekki sniðgengið vegna fötlunar sinnar.

Langbest væri ef að fatlaður einstaklingur ynni við hlið hins ófatlaða á jafnréttisgrundvelli og er jafnsýnilegur á vinnustaðnum og hinn ófatlaði einstaklingur. Ef það er eitthvað sem þarf að breyta þá er það viðhorf samfélagsins í garð fatlaðs fólks. Það þarf að auka atvinnuþáttöku þeirra í þjóðfélaginu sem er vissulega gert að mörgu leyti. En hvað sjáum við oft fatlað fólk til dæmis við afgreiðslu í matvöruverslunum.

Læt ég fylgja hér að lokum orð Kirkegaard sem lýsa því svo vel að mæta einstakling á þeim stað sem hann er staddur og leiðbeina fram á við.

Ef það á að heppnast að fylgja manneskju
á ákveðinn stað, verður að mæta henni
þar sem hún er á vegi stödd og samfylgdin
þarf að hefjast þar.

(Kirkegaard, 1859, þýðandi Hulda Steingrímisdóttir).

Heimildaskrá

- Akureyri. (2004). *Atvinna með stuðningi (AMS) á Akureyri*. Sótt 27. febrúar 2012 af <http://www.akureyri.is/is/ibuagatt/frettir/atvinna-med-studningi-ams-a-akureyri>
- Ársskýrsla Akureyrar (2011). *Fjölskyldudeild*. Óútgefið efni.
- Barnes, C. og Mercer, G. (2003). *Disability*. Cambridge: Polity Press.
- Campbell, J. og Oliver, M. (1996). *Disability politics: Understanding our past, changing our future*. London. Routledge.
- Chappell, A. I. (1998). Still out in the cold: People with learning difficulties and the social model of disability. Í T. Shakespeare (ritstj.), *The disability reader: Social Science perspectives* (bls. 201-210). London: Cassell.
- Dóra S. Bjarnason. (1995). Hvaða máli skiptir það fyrir fatlað fólk að vinna á almennum markaði? *Proskahjálp*, 2(17), 9–12.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. McGraw- Hill: University of Massachusetts.
- Goodley, D., Armstrong, D., Sutherland, K. og Laurie, L. (2003). Self advocacy, “learning difficulties,” and the social model of disability. *Mental Retardation*, 41(3), 149-160.
- Hagner, D. og DiLeo, D. (1995). *Working together, workplace culture, supported employment, and persons with disabilities* (2. útg). Cambridge, MA: Brookline Books.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001). *Ósýnilegar fjölskyldur: Seinfærar/proskaheftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun. (e.d). *Gæðaþjónusta Atvinnu með stuðningi*. Sótt 20. mars 2012 af <http://rvk.hlutverk.is/page.asp?Id=1103>

- Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun. (e.d). Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur.
Sótt 29. febrúar 2012 af <http://plastidjan.hlutverk.is/page.asp?Id=1130>
- Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun. (e.d). *Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun*. Sótt 21. mars 2012 af <http://hlutverk.is/default.asp?id=673>
- Kierkegaard, S. (1859). *Afsluttende uvidenskabelig efterskrift*. (Hulda Steingrímisdóttir þýddi tilvitnun). Copenhagen: Gyldendal.
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.*
- Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötlun og samfélag: Um þróun í málefnum fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Margrét Ríkarðsdóttir. (2011). *Kynning og saga Skógarlundar/Birkilundar hæfingarstöðvar*. Óútgefið efni
- McCliments, A. (2003). The organization of difference: People with intellectual disabilities and the social model of disability. *Mental Retardation*, 41(1), 35-46.
- McLoughlin, C. S., Garner, J. B. og Callahan, M. (ritstj.). (1987). Getting employed, staying employed. *Job development and training for persons with severe handicaps*. Baltimore: Paul H. Brookes Publishing. 7 – 16.
- Morris, J. (1991). *Pride against prejudice: Transforming attitudes to disability*. London: Women's Press.
- Oliver, M. (1990). *The politics of disablement*. Basingstoke: MacMillan.
- Oliver, M. (1992). Changing the social relations of research production. *Disability, Handicap & Society*, 7, 101-114.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði: sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-52). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi, Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmunda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun hugmyndir og aðferðir á fræðasviði* (bls. 13-36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996.

Reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995.

Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource* (3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons.

Thomas, C. (1999). *Female forms: Experiencing and understanding disability*. Buckingham: Open University Press.

Thomas, C. (2002). Disability theory: Key ideas, issues and thinkers. Í C. Barnes, M. Oliver, og L. Barton (ritstj.), *Disability studies today* (bls. 38-57). Cambridge: Polity Press.

Tryggingastofnun. (e.d). *Vinnusamningur öryrkja*. Sótt 20. mars af <http://www.tr.is/oryrkjar/vinnusamningur-oryrkja/>

Tryggvi Sigurðsson. (2008). Alþjóðarlegar skilgreiningar á þroskahömlun. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfsdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Þroskahömlun barna – Orsakir – eðli – íhlutun* (bls. 35–41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Tøssebro, J. (2002). *A brief introduction to “the Nordic relational approach to disability.”* Erindi flutt á 6. NNDR ráðstefnunni, Reykjavík.